Ólafur Elíasson er á allra vitorði þessa helgina. Ekki vita þó allir að hann opnar líka sýningu í Hafnarfirði.



Ólafur Elíasson. *Setur upp sýningu í Hafnarborg tileinkaða minningu föður síns, Hafnfirðingsins Elíasar Hjörleifssonar. Er hér við verk sitt í Hafnarhúsinu.* *DV mynd Hari*

Hafnfirðingar eiga Ólaf Elíasson

„Ég held að það sé alveg borðleggjandi að vér Hafnfirðingar eigum Ólaf Elíasson," segir Jón Sverrir Proppé heimspekingur og listfræðingur sposkur og vísar til þeirrar umræðu um hvort það sé hreinlega við hæfi að við Íslendingar séum að slá eign okkar á Ólaf Elíasson.



Mynd eftir Elías.

En, sem sagt, hinn hafnfirski listamaður, Ólafur Elíasson, sem hefur gert garðinn frægan á heimsvísu að undanförnu, opnar á sunnudaginn minningarsýningu í Hafnarborg í Hafnarfirði á verkum föður síns. Hann hét Elías Hjörleifsson og einnig má á sýningunni finna verk sem þeir feðgar unnu saman en náðu aldrei að sýna með-an Elías lifði. „Elías bjó í Hafnarfirði þar til hann fluttist til Danmerkur ásamt konu sinni Ingibjörgu sem er af gamalli Hafnfirskri ætt. Föðuramma Ólafs var líka hafnfirsk og var af þeirri ætt sem í Hafnarfirði er kölluð Kassahúsættin - kennd við hús sem ekki er lengur til en stóð neðan við hamarinn," segir Jón.

Ólafur hafði frumkvæði að sýningunni og á veg og vanda að uppsetningu hennar. Á heimasíðu Hafnarborgar segir meðal annars að sýnd verði verk sem Elías vann eftir að hann flutti heim til Íslands 1989 og „er myndefnið oft náttúra landsins þó listamaðurinn taki sér fullt frelsi til framsetningar."

Auglýsing um fasteignagjöld í Reykjavík árið 2004

Álagningarseðlar fasteignagjalda í Reykjavík 2004 verða sendir út næstu daga sem og greiðsluseðlar fyrstu greiðslu. Hægt verður að greiða með boðgreiðslum, og fylgir umsóknareyðublað vegna þess. Tollstjórinn í Reykjavík sér um innheimtu gjaldanna.

Fasteignagjöldin skiptast í fasteignaskatt, lóðarleigu, holræsagjald, vatnsgjald og sorphirðugjald.

Framtalsnefnd úrskurðar um breytingar á fasteignaskatti og holræsagjaldi eftir yfirferð skattframtala elli- og örorkulífeyrisþega. Þarf því ekki að sækja sérstaklega um lækkun eða niðurfellingu þessara gjalda. Þeir sem fengu lækkun á fasteignaskatti og holræsagjaldi á liðnu ári, fá að óbreyttum aðstæðum einnig lækkun á árinu 2004, að teknu tilliti til tekju- og eignaviðmiðunar.

Borgarráð hefur ákveðið að tekjumörk vegna lækkunar fasteignaskatts og holræsagjalds á árinu 2004 hækki um 8% á milli ára og verði eftirfarandi miðað við tekjur liðins árs:

100% lækkun:

Einstaklingar með tekjur allt að	kr. 1.405.000-
Hjón með tekjur allt að	kr. 1.955.000-

80% lækkun:

Einstaklingar með tekjur á bilinu	kr. 1.405.000- til kr. 1.610.000-
Hjón með tekjur á bilinu	kr. 1.955.000- til kr. 2.190.000-

50% lækkun:

Einstaklingar með tekjur á bilinu	kr. 1.610.000- til kr. 1.845.000-
Hjón með tekjur á bilinu	kr. 2.190.000- til kr. 2.600.000-

Vinnslu þessari verður lokið í september 2004 og verða þá allar breytingar tilkynntar bréflega.

Fulltrúar framtalsnefndar eru til viðtals alla þriðjudaga milli kl. 16.00 og 17.00 í Ráðhúsi Reykjavíkur, frá 6. apríl til og með 27. apríl n.k. Á sama tímabili verða upplýsingar veittar í síma 896-4300, alla þriðjudaga milli kl. 10.00 og 12.00.

Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur, Skúlagötu 19, veitir upplýsingar varðandi álagningu og breytingar á sorphirðugjaldi i sima 563-2700, og i bréfasíma 563-2710.

Orkuveita Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, veitir upplýsingar sem snerta álagningu og breytingar á vatnsgjaldi í síma 516-6000, og bréfasíma 516-6609.

Fjármáladeild, Ráðhúsi Reykjavíkur, veitir upplýsingar um álagningu annarra fasteignagjalda og breytingar á þeim í síma 563-2062, og bréfasíma 563-2033.

Gjalddagar ofangreindra gjalda umfram kr. 20.000- fyrir árið 2004 eru: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní og 1. ágúst. Gjalddagi gjalda undir kr. 20.000-, og gjalda þeirra gjaldenda er völdu eingreiðslu fasteignagjaldanna í maí, er 1. maí.

Jafnframt er hægt að leita upplýsinga um ofangreind atriði á heimasíðu Reykjavíkurborgar **www.reykjavik.is**

Reykjavík, 18. janúar 2004
Borgarstjórinn í Reykjavík

AUKIN ÖKURÉTTINDI

Meiraprófið breytist!

Næsta námskeið hefst 20. janúar!

Námskeið á næstunni
- 20. janúar – 20. febrúar
- 25. febrúar – 26. mars
- 30. mars – 30. apríl

Nú liggur fyrir ákvörðun um miklar breytingar á meiraprófinu sem gerir það bæði erfiðara og dýrara. Búast má við a.m.k. 60-80% hækkun á verði en reiknað er með að breytingin taki gildi nú í sumar. Notaðu tækifærið og taktu meiraprófið áður en breytingin tekur gildi því nú fer hver að verða síðastur. Hafðu samband við okkur ef þú vilt fá nánari upplýsingar um þessar breytingar.

Taktu gamla meiraprófið á gamla verðinu!

Skráðu þig núna!
Símar 581 1919, 892 4124 og 898 3810

ÖKUSKÓLI S.G.
SÍMI 581 1919
AUKIN ÖKURÉTTINDI
LEIGUBIFREIÐ · VÖRUBIFREIÐ · HÓPBIFREIÐ